Hringbrautar verkefnið

Framkvæmdafréttir

Framkvæmdir að hefjast við Hringbrautarverkefnið í kjölfar jarðvinnuútboðs

NLSH ohf. hefur í samvinnu við FSR, samið við lægstbjóðanda ÍAV vegna GVL-verkefnis (götur, veitur og lóð) og jarðvinnu fyrir meðferðarkjarnann. Útboð nr. 20781.

Í þessu útboði er um að ræða framkvæmdir við götur, göngustíga, bílastæði og annan lóðafrágang á afmörkuðum svæðum við Hringbrautina auk þess jarðvinna verður í grunni meðferðarkjarnans. Einnig er hugað að gerð bílakjallara á síðari stigum til hliðar við meðferðarkjarnann. Um er að ræða 20 mánaða framkvæmdatíma, allt fram á vorið 2020.

Þær framkvæmdir sem byrjað verður á í júlí 2018 eru eftirfarandi:

1. Bílastæðareitur A – norðan megin við BSÍ reit (sjá kort)

a. Svæðið verður girt af og síðan verður hafist handa við að jarðvegsskipta á svæðinu til að undirbúa bílastæðin.
b. Þetta ætti ekki að hafa neinar afgerandi afleiðingar fyrir starfsemina í för með sér eða hindra umferð að og frá svæðinu.

Miða skal við að þessi framkvæmd taki ca 5-6 vikur.

2. Lagning kaldavatns lagnar frá Eiríksgötu og inn í aðalbyggingu (sjá kort)

a. Svæðið verður girt af og síðan verður hafist handa við skurðgröft og lagnavinnu.
b. Vegna þess að þetta er aðalaðkomuleið sjúkrabíla þá verður þess gætt að lögnin verði utan götunnar og trufli ekki umferðaflæði að neyðarmóttöku.
c. Sett verður keyrslubrú á skurðstæðið til að tryggja að- og fráakstur á bílastæði við eldhúsbyggingu.

Miða skal við að þessi vatnslagnaframkvæmd taki ca 3 vikur.

Á eftirfarandi korti eru sýndir hringir utan um þau svæði þar sem framkvæmdir hefjast.



Akstursleið | Gönguleið | Í vinnslu | Varnargirðing

Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is
Ólafur Birgisson verkefnastjóri FSR, 896 7330 eða netfangið olafur.b@fsr.is

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is.